MORGUNBLAÐIÐ FIMMTUDAGUR 4. JANÚAR 1996 19

LISTIR

Komar og Melamid sýna

Eftirsóttasta

málverk bandarísku

þjóðarinnar

Á MOKKA verður opnuð á
mánudaginn sýning á silki-
þrykkjum af Eftirsóttasta og
Síst eftirsótta málverki banda-
rísku þjóðarinnar eftir rúss-
nesku myndlistarmennina Kom-
ar og Melamid. Um næstu helgi,
laugardaginn 13. janúar, héfst
svo á Kjarvalsstöðum sýning á
Eftirsóttasta og Síst eftirsótta
málverki íslensku þjóðarinnar,
sem Komar og Melamid unnu
út frá ítarlegri skoðanakönnun
Hagvangs hf. á viðhorfi almenn-
ings til myndlistar og því hvað
landinn vill helst sjá í málverki.
Sýningarnar eru samvinnuverk-
efni Mokka og Kjarvalsstaða,
en íslenska könnunin var gerð
fyrir tilstilli Hannesar Sigurðs-
sonar listfræðings sem jafn-
framt sér um sýningarstjórn á
báðum stöðum.
I kynningu segir: „Komar og
Melamid hafa tekið sér ýmislegt
furðulegt fyrir hendur í gegn-
um tíðina og stuðlað að fjöl-
mörgum uppákomum er vakið
hafa óskipta athygli listaheims-
ins en þeir urðu stórstjörnur í
myndlistinni í byrjun áttunda

áratugarins með ádeilumál-
verkum sínum á kommúnism-
ann og ráðamenn hans. Nokkru
fyrir fall Berlínarmúrsins og
lok kalda stríðsins sneru þeir
hins vegar blaðinu við og tóku
óspart að hæðast að neyslusam-
félaginu og hinu vestræna
stjórnkerfi, lýðræðinu okkar.
Val fólksins, eins og Komar og
Melamid kalla þetta rannsókn-
arverkefni sitt á myndlistar-
menn fjöldans, hefur sennilega
vakið meira umtal úti í hinum
stóra heimi en nokkur annar
nútímalistaviðburður að undan-
förnu."

í sýningarskrá frá Kjarvals-
stöðum er að finna ítarlegt við-
tal við Melamid um forsendur
könnunarinnar, greinar um
bakgrunn félaganna og hug-
myndafræðilega merkingu
verksins eftir Hannes Sigurðs-
son, auk helstu niðurstaðna
Hagvangskönnunarinnar. Kom-
ar og Melamid koma bráðlega
til landsins í boði Kjarvalsstaða
og munu þeir halda opinn fund
„með fólkinu" á Kjarvalsstöðum
föstudaginn 12. janúarkl. 17.

EFTIRSOTTASTA mál-
verk bandarísku þjóðarinn-
ar (1994) eftir Komar og
Melamid.

Er sá fundur skipulagður af
Myndlista- og handíðaskóla ís-
lands í samvinnu við Mokka og
Kjarvalsstaði. Þá má einnig
geta, að í framhaldi af sýningu
Kolmars og Melamids í Mokka
mun myndlistarkonan Borg-
hildur Anna Jónsdóttir, sem
búsett er í London, koma til
landsins og mála samkvæmt
óskum kaffihúsagesta frá 12. -
24. febrúar.

Dansleik-

hússpuninn

„Leitin að
Rómeó"
í BOÐI Listaklúbbsins verður
frumflutt dansleikhúsverkið „Leit-
in að Rómeó" í Þjóðleikhúskjallar-
anum í kvöld fímmtudagskvöld kl.
21.
„Leitin að Rómeó" er dansleik-
húsverk samið og flutt af þrem
fyrrverandi nemum úr Listdans-
skóla íslands sem allir stunda nú
nám í erléndum listaháskólum.

Allar í námi erlendis

Þeir eru Aino Freyja Jarvela,
og stundar hún leiklistarnám í
Bretton Hall Uniyersity College í
Bretlandi, Erna Ómarsdóttir sem
stundar nám í nútímadansi í
P.A.R.T.S í Belgíu og Karen Mar-
ía Jónsdóttir sem stundar dans í
Hogeschool voor het Kunsten í
Hollandi.

Aðeins verður um þessa einu
sýningu að ræða þar sem þær
fh'úga út í áframhaldandi nám
strax að loknu jólaleyfi.

ELDSTEIKTUR

VÍBON HAMBORCARl

OCANNAREINS

#

ÓKEYPIS

ALLA VIRKA DACA í JANÚAR

MILLIKL.14 0C17

TILBOPID CllDIR FYRIR ALLARTECUNDIR
ELDSTEIKTRA HAMBOR6ARA

AINO Freyja, Erna og Karen María munu frumflytja dansleikhús-verkið „Leitin að Rómeó" í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

Rosenthal^>>w,,,r^
Brúökaupsgjafir +

• Tírnámótagjafir ^ \\,

• Verð við alíra hæfi /\OÚ€/l)C

HÖnmin Og gæði í Sérfhkki Laugavegi 52, sími 562 4244.

EIOHRSSS • FIRSKUR • SAFARÍKUR

... að dagblað f Bretlandi kostar

30 kr. í lausasölu. Fyrir það verð fæst

símtal í 8 mín. innanbæjar í Bretlandi.

að dagblað á íslandi kostar 125 kr. í

lausasölu. Fyrir það verð fæst símtal í

2 klst. og 26 mín. innanbæjar á íslandi.